

Starfsemi Siðfræðistofnunar árið 2003

Stjórn og starfslið

Björn Björnsson, prófessor, sem verið hefur í stjórn Siðfræðistofnunar frá upphafi hennar, lét af störfum á árinu og tók Sólveig Anna Bóasdóttir sæti í stjórninni í hans stað. Að öðru leyti er stjórnin óbreytt frá fyrra ári en í henni eiga sæti: Vilhjálmur Árnason, prófessor er stjórnarformaður, Sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir, Ástríður Stefánsdóttir, dósent við KHÍ og Páll Hreinsson, prófessor í lagadeild. Fyrir utan forstöðumann Salvöru Nordal, sem er í fullu starfi, hafa sérfræðingar verið ráðnir í einstök rannsóknarverkefni í lengri eða skemmri tíma. Má þar helsta nefna þá Garðar Á. Árnason og Þorvarð Árnason, sem hafa haft daglega verkstjórn á tveimur stórum rannsóknum á vegum stofnunarinnar. Aðrir starfsmenn hafa verið ráðnir til skemmri tíma

Rannsóknir

Rannsóknir á gagnagrunnum.

Verkefnið ELSAGEN *Ethical, Legal and Social Aspects of Human genetic Databases* hefur verið í fullum gangi á árinu. Það hófst árið 2002 og er styrkt úr fimmtu rammaáætlun Evrópuráðsins og eru samstarfsaðilar verkefnisins í Eistlandi, Englandi og Svíþjóð. Stjórnun á verkefninu er í höndum Siðfræðistofnunar undir yfirstjórn Vilhjálms Árnasonar, prófessors, en Rannsóknarþjónusta H.Í. sér um fjármálalegan þátt verkefnisins. Íslenski rannsóknarhópurinn telur átta manns, þar af þrjá doktorsnema sem vinna námsritgerðir sínar í tengslum við verkefnið.

Haldnir voru tveir fundir vegna ELSAGEN á árinu: sá fyrri í Lundi í lok janúar og sá síðari í maí í Englandi. Í tengslum við ELSAGEN verkefnið hefur NorFA styrkt samstarfsnet á sviði siðfræði og lífvísinda, *The Ethics of Genetic and Medical Information*. Auk Siðfræðistofnunar, sem leiðir verkefnið, standa að rannsókninni vísindamenn frá Eistlandi, Finnlandi, Svíþjóð og Englandi. Tveir fundir voru haldnir á vegum NorFA á árinu sá fyrri í tengslum við ELSAGEN fundinn í Lundi í janúar og sá síðari í Skálholti í september. Samhliða ELSAGEN-verkefninu hefur verið unnið að tengdu verkefni með styrk úr Markáætlun Rannís um upplýsingatækni undir heitinu *Siðareglur gagnagrunna og persónuvernd*. Fyrsta hluta þess verkefnis lauk á árinu og var ákveðið að bíða með síðari hluta þess þar til ELSAGEN verkefninu lyki. Unnið er að birtingu niðurstaðna úr því verkefni.

Náttúrusiðfræði

Siðfræðistofnun Háskóla Íslands er í forsvari fyrir rannsóknarverkefninu *Forsendur sjálfbærrar þróunar í íslensku samfélagi*. Verkefnið hófst í júní árið 2001 með styrk úr Markáætlun Rannís um umhverfismál. Á árinu 2003 fékkst myndarlegur styrkur fyrir þriðja og loka-ári þess. Verkefnið er unnið í samvinnu við Félagsvísindastofnun H.Í., Sagnfræðiskor H.Í. og Staðardagskrárverkefni Reykjavíkurborgar. Verkefnisstjóri er Dr. Róbert H. Haraldsson, dósent í heimspeki. Rannsóknarhópurinn telur tíu manns, þar af eru tveir doktorsnemar og einn meistaranemi sem allir munu vinna námsritgerðir sínar í tengslum við verkefnið.

Önnur verkefni:

Önnur minni verkefni hafa verið starfrækt s.s. rannsóknin *Siðanefndir starfstétta* undir stjórn Róberts H. Haraldssonar, fyrirlestraröðin *Siðfræði og samtími*, undir stjórn Vilhjálms Árnasonar og *Siðfræðivefur* undir stjórn Jóns Ólafssonar og Salvarar Nordal.

Nám í starfstengdri siðfræði

Átta manna hópur hóf nám í Starfstengdri siðfræði haustið 2003. Námið hefur takið örlitlum breytingum frá því fyrsti hópurinn byrjaði vorið 2002. Núna hefst námið að hausti og er gert ráð fyrir að nemendur ljúki náminu á þremur misserum í stað tveggja áður.

Þjónusta

Siðfræðistofnun veitti sem fyrr umsagnir um ýmis lagafrumvörp og skýrslur stjórnvalda á árinu og veitti fagfélögum og fyrirtækjum ráðgjöf, einkum um siðareglur. Fyrir Verslunarfélag Reykjavíkur vann Siðfræðistofnun skýrslu um Stjórnarsetu fulltrúa VR í Lífeyrissjóði VR og félögum sem sjóðurinn á hlut í. Að því verkefni vann Ketill Berg Magnússon ásamt Róberti H. Haraldssyni og Salvöru Nordal. Þá hóf Vilhjálmur Árnason ráðgjöf við Fiskveiðadeild FAO um „Ethical Issues in Fisheries“. Að verkefninu starfa með honum þeir Róbert H. Haraldsson og Dagfinnur Sveinbjörnsson, doktorsnemi í stjórnmálafræði við University of Michigan í Ann Arbor.

Fyrirlestrar og ráðstefnur

Mikilvægur þáttur í starfsemi Siðfræðistofnunar er jafnan skipulagning málþinga og fyrirlestra hvers konar. Í samstarfi við Borgarleikhúsið hélt Jón Ólafsson, heimspekingur, erindi í tilefni sýningarinnar á *Sölumaður deyr* í janúar. Þorvarður Árnason var fulltrúi stonfunarinnar á málþingi um umhverfismál í samstarfi við Landvernd og haldið var í janúar. Stofnunin koma að skipulagningu *Mikjálsmessu*, ráðstefnu til heiðurs Mikaeli M. Karlssyni, prófessor, þann 28. – 29. mars, þar sem haldin voru 14 erindi. Øyvind Kvalnes, heimspekingur frá Noregi, hélt fyrirlestur í nóvember í boði Siðfræðistofnunar sem hann nefndi „Back to Socrates Philosophy in the Marketplace“. Og að síðustu var haldið málþing um persónuvernd og gagnasöfn á heilbrigðissviði. Þar voru kynntar niðurstöður rannsóknar sem styrkt var af Rannís og lauk á árinu. Erindi héldu þau: Salvör Nordal, forstöðumaður, Sigurður Guðmundsson, landlæknir, Margrét Lilja Guðmundsdóttir, félagsfræðingur og Guðrún Kr. Guðfinnsdóttir, verkefnisstjóri hjá Landlæknisembættinu.

Útgáfa

Siðfræði lífs og dauða. Erfiðar ákvarðanir í heilbrigðisþjónustu. 2. útgáfa, aukin og endurbætt. Reykjavík: Siðfræðistofnun og Háskólaútgáfan 2003. 379 bls.